

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fram fara sunnudaginn 30. júní 1968.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr Sunnlendingafjórðungi (V.-Skaftafellssýslu—Borðarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1040 meðmælendur, en mest 2085.

Úr Vestfirðingafjórðungi (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 130 meðmælendur, en mest 265.

Úr Norðlendingafjórðungi (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 230 meðmælendur, en mest 455.

Úr Austfirðingafjórðungi (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 100 meðmælendur, en mest 195.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 29. febrúar 1968.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

13. marz 1968.

Nr. 39.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 104/1966, um Raunvísindastofnun Háskólans.

1. gr.

3. gr. IV. orðist svo:

Rannsóknastofa í jarðvísindum.

Starfssvið: Jarðvísindi, þ. á m. jarðeðlisfræði, jarðfræði og jarðefnafræði, og rekstur jarðvísindalegra athugunarstöðva.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 13. marz 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.